

# Endurskoðun samþykkt

15. mars 2022



## 1. Kjörgengi sjóðfélaga

Núverandi ákvæði:

### 5.1.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni.

Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa í varastjórn.

Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar til stjórnar í rafrænum kosningum fyrir ársfund og einn til vara. Ef stjórnarsæti skal vera skipað tilteknu kyni eru aðeins sjóðfélagar af því kyni í framboði til þess sætis.

Stjórn sjóðsins skal skipa þriggja manna kjörnefnd í lok desembermánaðar ár hvert. Kjörnefnd setur nánari reglur um framkvæmd kosningarinnar. Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd kosninga skulu staðfestar af stjórn og kynntar á heimasíðu sjóðsins samtímis því að auglýsing eftir framboðum er birt á heimasíðu sjóðsins.

Allir sjóðfélagar eru kjörgengir og njóta kosningaréttar til stjórnar.

Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagsins.

Niðurstaða stjórnarkjörs, bæði aðalmanna og varamanna, ræðst af skilyrðum 1., 2. og 3. mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað tilteknu kyni hlýtur sá frambjóðandi af því kyni sem fær flest atkvæði kosningu. Sjóðurinn skal með þessu tryggja að fylgt sé 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar.

Varamenn skulu boðaðir í fjarveru stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja sem aðalmenn.

Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.

## Tillaga að breytingu:

### 5.1.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni.

Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa í varastjórn.

Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar til stjórnar í rafrænum kosningum fyrir ársfund og einn til vara. Ef stjórnarsæti skal vera skipað tilteknu kyni eru aðeins sjóðfélagar af því kyni í framboði til þess sætis.

Stjórn sjóðsins skal skipa þriggja manna kjörnefnd í lok desembermánaðar ár hvert. Kjörnefnd setur nánari reglur um framkvæmd kosningarinnar. Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd kosninga skulu staðfestar af stjórn og kynntar á heimasíðu sjóðsins samtímis því að auglýsing eftir framboðum er birt á heimasíðu sjóðsins.

**Eingöngu sjóðfélagar eru kjörgengir til stjórnar og njóta kosningaréttar í stjórnarkjöri sjóðsins. Viðmiðunardagur fyrir kjörgengi eru næstliðin áramót fyrir ársfund, sbr. gr. 8.2. í samþykktum þessum.**

Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagans.

Niðurstaða stjórnarkjörs, bæði aðalmanna og varamanna, ræðst af skilyrðum 1., 2. og 3. mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað tilteknu kyni hlýtur sá frambjóðandi af því kyni sem fær flest atkvæði kosningu. Sjóðurinn skal með þessu tryggja að fylgt sé 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar.

Varamenn skulu boðaðir í fjarveru stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja sem aðalmenn.

Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.

## Rökstuðningur:

*Tillögu þessari er ætlað að treysta enn frekar þá reglu að eingöngu sjóðfélagar geti boðið sig fram til setu í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins. Viðmiðunardagur þess hvenær einstaklingur telst sjóðfélagi samkvæmt ákvæðinu, og þar með kjörgengur í stjórn eða handhafi kosningaréttar í stjórnarkjöri, eru næstliðin áramót fyrir ársfund, sbr. gr. 8.2. í samþykktunum.*

## 2. Búsetuskilyrði stjórnarmanna

### Núverandi ákvæði:

#### 1. mgr. 5.2. gr.

Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, lögráða og fjár síns ráðandi og uppfylla að öðru leyti skilyrði 31. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

### Tillaga að breytingu:

#### 1. mgr. 5.2. gr.

Stjórnarmenn skulu **uppfylla hæfisskilyrði 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, s.s. um búsetu, lögræði og fjárræði.**

### Rökstuðningur:

*Í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eru lagðar lágmarksskyldur á lífeyrissjóðina sem þeim er ætlað að fylgja. Lögin eru rétt hærrí samþykktum lífeyrissjóða og þar sem túlka má samþykktir Almenna lífeyrissjóðsins á þann veg að þær gangi skemur en lögin og koma í veg fyrir að stjórnarmenn geti verið búsettir utan Íslands, en innan EES, EFTA eða í Færeyjum, er lögð fram sú tillaga að breyta samþykktum á þann veg að þær samrýmist kröfum fyrrnefndra laga. Með nýju orðalagi munu ákvæði samþykta einnig fylgja breytingum sem gerðar eru á 31. gr. nefndra laga.*

## 3. Skipting séreignarsjóðs

### Núverandi ákvæði:

#### 12.5.

Við andlát sjóðfélaga, fellur inneign hans í séreignarsjóði til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús rétt hafa án takmarkana 2. ml. 2. mgr. 8. gr. laga 129/1997. Maki samkvæmt þessari grein telst sá sem var í hjúskap með sjóðfélagi við andlát, sbr. reglur erfðalaga 8/1962. Aldur erfingja stýrir því í hvaða safn erfðaséreign er flutt við skiptingu. Séreignin flyst síðan á milli safna í samræmi við ákvæði um Ævileiðina, grein 11.2. Sjóðfélagar geta einnig valið aðra ávöxtunarleið sbr. grein 11.3.

### Tillaga að breytingu:

#### 12.5.

Við andlát sjóðfélaga, fellur inneign hans í séreignarsjóði til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan

renna til dánarbús réttihafa án takmarkana 2. ml. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Maki samkvæmt þessari grein telst sá sem var í hjúskap með sjóðfélaga við andlát, sbr. reglur erfðalaga nr. 8/1962. **Börn samkvæmt þessari grein teljast börn og kjörbörn sjóðfélaga í skilningi erfðalaga.** Aldur erfingja stýrir því í hvaða safn erfðasérein er flutt við skiptingu. Séreignin flyst síðan á milli safna í samræmi við ákvæði um Ævileiðina, grein 11.2. Sjóðfélagar geta einnig valið aðra ávöxtunarleið sbr. grein 11.3.

#### **Rökstuðningur:**

*Hér er lagt til að í ákvæðinu verði maka- og barnahugtakið skilgreint með skýrum hætti og að vísað verði í erfðalög, líkt og lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða gera. Samkvæmt erfðalögum geta aðeins börn og kjörbörn talist til skylduerfingja, en ekki t.d. fóstur- eða stjúp börn, sem þó geta átt rétt á barnalífeyri að ákveðnum skilyrðum laga og samþykka uppfylltum.*

*Þá eru gerðar smávægilegar breytingar á orðalagi, þ.e. „nr.“ hefur verið bætt fyrir framan laga-númer í textanum, en breytingarnar eru gerðar svo að textinn verði í samræmi við almenna málvenju í lagatexta.*

## **4. Ellilífeyrisþegi vill fara á hálfan ellilífeyri**

#### **Núverandi ákvæði:**

##### **18.7.**

Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessarar greinar getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gildir ekki grein 18.1. í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki grein 18.1. Sjóðfélagi sem nýtir sér grein þessa telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt grein 18.5. gr.

#### **Tillaga að breytingu:**

Lagt er til að ákvæðið verði fellt brott úr samþykktum.

#### **Rökstuðningur:**

*Lagt er til að ákvæðið verði fellt brott úr samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins þar sem það er úrelt. Þær aðstæður sem kölluðu fram á ákvæði af þessu tagi eru ekki lengur til staðar og því á ákvæðið ekki lengur við.*

## 5. Skilgreining á börnum í 20. gr.

### Núverandi ákvæði:

#### 20.6.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélagi, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát hans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð og sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

Með börnum er í samþykktum þessum átt við börn og kjörbörn sjóðfélagi, einnig stjúp- og fósturbörn sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti síðustu tvö árin fyrir andlát hans.

### Tillaga að breytingu:

#### 20.6.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélagi, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát hans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð og sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

Með börnum **er í þessari grein** átt við börn og kjörbörn sjóðfélagi, einnig stjúp- og fósturbörn sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti síðustu tvö árin fyrir andlát hans.

### Rökstuðningur:

*Þessari breytingartillögu er ætlað að taka af allan vafa um skilgreiningu á barnahugtakinu í samþykktum sjóðsins. Fyrra orðalag gaf til kynna að í hvert sinn sem fjallað er um börn í samþykktunum sé átt við börn, kjör-, fóstur- og stjúpbörn sjóðfélagi. Það er hins vegar ekki svo í öllum tilvikum, t.d. þegar séreignarsjóði er skipt í kjölfar andláts sjóðfélagi skv. gr. 12.5. í samþykktum sjóðsins og 4. mgr. 11. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samkvæmt ákvæðunum fer skipting erfðaséreignar eftir ákvæðum erfðalaga nr. 8/1962. Samkvæmt erfðalögum geta aðeins börn og kjörbörn talist til erfingja, og þar með teljast stjúp- og fósturbörn ekki til erfingja þegar séreignarsjóði er skipt.*

*Í breytingartillögu við gr. 12.5. er lagt til að barnahugtakið verði skilgreint með skýrari hætti í ákvæðinu. Með þessum tveimur breytingum á samþykktum er ætlunin að skýra barnahugtakið með skýrum og skilmerkilegum hætti þannig að enginn vafi sé uppi um hvenær börn geta talist erfingjar eða rétthafar á nánar skilgreindum réttindum í sjóðnum.*

## 6. Málsmeðferðarákvæði í ágreiningsmálum

### Tillaga að nýju ákvæði:

#### 28.1.

Sjóðfélagi á rétt á að lífeyrissjóðurinn rökstyðji skriflega ákvörðun er hann varðar, sbr. 5. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997. Sjóðurinn skal þá birta rökstuðning sinn eins fljótt og unnt er og gæta jafnræðis og meðalhófs eins og frekast er unnt við ákvörðunartöku. Í rökstuddri ákvörðun skal getið um rétt sjóðfélaga til að skjóta ákvörðun til gerðardóms, sbr. 33. gr. laga nr. 129/1997 og 28.2. gr. samþykktta þessara.

### Rökstuðningur:

*Með þessari tillögu er ætlunin að skýra málsmeðferð ágreiningsmála milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins betur. Ákvæðið vísar í 5. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem fram kemur að sjóðfélagi eigi rétt á að lífeyrissjóður rökstyðji skriflega ákvörðun er hann varðar. Hér er lagt til að þessi áskilnaður nefndra laga verði komið inn í samþykktir sjóðsins. Með ákvæðinu er kveðið á um að sjóðurinn skuli gæta að málshraða, jafnræði og meðalhófi, eins og frekast er unnt, við ákvörðunartöku er varðar sjóðfélaga.*

*Lagt er til að ákvæðið komi inn sem gr. 28.1. í samþykktum og að núverandi ákvæði, sem fjallar um gerðardóm, færist aftar í gr. 28.2. Þá er lagt til að yfirskrift 28. gr. verði „Málsmeðferð og gerðardómur.“*

## 7. Breyting á réttindum sjóðfélaga

### Tillaga að nýju bráðabirgðaákvæði:

#### Aldursháð breyting á áunnum réttindum og hlutfallsleg breyting réttinda

Í framhaldi af tryggingarfræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs miðað við 31.12.2021 og með vísan í grein 24.1 í samþykktum sjóðsins skal áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga, þar með talið ellilífeyri hjá þeim sem hafa hafið töku hans fyrir 70 ára aldur, þann 31. mars 2022 breytt í samræmi við neðangreinda töflu.

Pað athugast að breyting er tilkomin vegna nýrrar aðferðarfræði Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga við mat á dánar- og lífslíkum, sem samþykkt var af Fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021, sem felur í sér að gert er ráð fyrir að greiða lífeyri lengur en áður var áætlað. Lífeyrissjóðnum ber að taka mið af því mati við framkvæmd tryggingarfræðilegrar athugunar sjóðsins, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 391/1998.

Fæðingarár	Breyting	Fæðingarár	Breyting	Fæðingarár	Breyting	Fæðingarár	Breyting
2005	-15,5%	1990	-14,0%	1975	-11,7%	1960	-7,6%
2004	-15,4%	1989	-13,9%	1974	-11,5%	1959	-7,2%
2003	-15,3%	1988	-13,8%	1973	-11,2%	1958	-6,9%
2002	-15,2%	1987	-13,6%	1972	-11,0%	1957	-6,5%
2001	-15,1%	1986	-13,5%	1971	-10,8%	1956	-6,1%
2000	-15,1%	1985	-13,4%	1970	-10,5%	1955	-5,6%
1999	-15,0%	1984	-13,2%	1969	-10,3%	1954	-5,2%
1998	-14,9%	1983	-13,1%	1968	-10,0%	1953	-4,8%
1997	-14,8%	1982	-12,9%	1967	-9,8%	1952	-4,3%
1996	-14,7%	1981	-12,8%	1966	-9,5%		
1995	-14,6%	1980	-12,6%	1965	-9,2%		
1994	-14,5%	1979	-12,4%	1964	-8,9%		
1993	-14,4%	1978	-12,2%	1963	-8,6%		
1992	-14,3%	1977	-12,1%	1962	-8,3%		
1991	-14,1%	1976	-11,9%	1961	-7,9%		

Áunnin réttindi (þar með talinn lífeyrir) vegna allra sjóðfélaga sem náð hafa 70 ára aldri, auk örorku- og makalífeyrisþega, breytast um -3,8%.

Eftir breytingu áunnina lífeyrisréttinda sjóðfélaga, sem gerð verður í samræmi við ofangreinda töflu verða áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga í samtryggingarsjóði þann 31. mars 2022 hækkuð hlutfallslega jafnt um 3,95%.

### Rökstuðningur:

Í 14. gr. reglugerðar um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 391/1998, er kveðið á um að við mat á dánar- og lífslíkum skuli nota nýjustu dánar- og eftirlifendatöflur, sem útgefnar eru af ráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT).

Hinn 13. desember sl. gerði félagið tillögu til fjármála- og efnahagsráðuneytisins um breytingar á forsendum reiknigrunnis um lífslíkur til samræmis við reiknilíkan sem byggir á spám um þróun í framtíðinni. Breyttar forsendur gera ráð fyrir lengri lífaldri sem eykur skuldbindingar lífeyrissjóðanna þar sem þeir greiða ellilífeyri til æviloka. Fjármála- og efnahagsráðuneyti féllst á tillögu FÍT og samkvæmt tilkynningu dags. 22. desember 2021 skulu lífeyrissjóðir vera búnir að innleiða breyttar forsendur um lífslíkur fyrir tryggingafræðilega athugun ársins 2023. Almenni lífeyrissjóðurinn hyggst innleiða þær á árinu 2022.

Tillagan felur í sér aldurháða breytingu réttinda vegna nýrra líftaflna. Gengið er út frá því að áfallnar skuldbindingar hvers árgangs breytist ekki við innleiðingu á nýjum líftöflum en þar sem reiknað er með að væntum árum á lífeyri fjölgi er gerð tillaga um lækkun mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna. Reiknilíkanið gerir ráð fyrir að árgangar lifi mismengi og að yngri aldurshópar lifi lengur en eldri. Þess vegna er gerð tillaga um mismunandi breytingar milli aldurshópa.

Vegna góðrar ávöxtunar á síðustu árum og með hliðsjón af jákvæðri stöðu samtryggingarsjóðs eftir aldursháða breytingu á réttindum er gerð tillaga um hlutfallslega hækkun réttinda og lífeyrisgreiðslna um 3,95%.

## 8. Breyting á réttindum sjóðfélaga

### Tillaga að nýju bráðabirgðaákvæði:

Á tímabilinu apríl 2022 til febrúar 2024 skal margfalda niðurstöðu framreiknings réttinda í hverjum réttindaflokki samkvæmt grein 19.3 með stuðlum samkvæmt eftirfarandi töflu:

Mán/ár	Stuðull	Mán/ár	Stuðull
apr.22	1,075	apr.23	1,036
maí.22	1,072	maí.23	1,033
jún.22	1,069	jún.23	1,029
júl.22	1,065	júl.23	1,026
ágú.22	1,062	ágú.23	1,023
sep.22	1,059	sep.23	1,020
okt.22	1,056	okt.23	1,016
nóv.22	1,052	nóv.23	1,013
des.22	1,049	des.23	1,010
jan.23	1,046	jan.24	1,007
feb.23	1,043	feb.24	1,003
mar.23	1,039	mar.24	1,000

Frá og með mars 2024 fellur þessi grein niður.

### Rökstuðningur:

*Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur samþykkt tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um breytingar á forsendum reiknigrunns um lífslíkur til samræmis við reiknilíkan sem byggir á spám um þróun í framtíðinni. Breyttar forsendur gera ráð fyrir lengri lífaldri sem eykur skuldbindingar lífeyrissjóðanna þar sem þeir greiða ellilífeyri til æviloka. Vegna breyttra forsendna mun lífeyrissjóðurinn innleiða nýja réttindatöflu fyrir greidd iðgjöld samkvæmt tillögu tryggingastærðfræðings. Samkvæmt henni er reiknað með því að greiða lífeyri í lengri tíma en áður var áætlað og því lækkar fjárhæð lífeyrisgreiðslna frá eldri réttindatöflu. Gildandi réttindatafla er notuð við framreikning réttinda vegna örorku- og makalífeyris. Þar sem framreiknuð réttindi lækka við innleiðingu á nýrri réttindatöflu er lagt til að dreifa lækkuninni yfir tvö ár til að milda áhrif innleiðingar á nýjum líftöflum.*



## 9. Breyting á orðalagi um töflu 1 í 6. kafla

Núverandi ákvæði:

### Tafla 1

#### Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar

Iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem honum bera að veita samkvæmt 4. gr. laga númer 129/1997 fyrir greiðslu lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs samkvæmt 2. gr. sömu laga.

Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar ..... 8% af iðgjaldsstofni

### Tillaga að breytingu:

### Tafla 1

#### Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar

Iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem honum ber að veita samkvæmt 4. gr. laga númer 129/1997 fyrir greiðslu lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs samkvæmt 2. gr. sömu laga. **Útreikningur á lágmarkstryggingavernd miðast við að iðgjald sé greitt í 40 ár.**

Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar ..... **8,5%** af iðgjaldsstofni

**Lágmarkstryggingavernd miðast að innborganir hefjist við ..... 22 ára aldur**

### Rökstuðningur:

*Í reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að tiltaka skuli viðmiðunardur við útreikning iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar. Vegna innleiðingar á nýjum líftöflum lækkar viðmiðunardur úr 25 árum í 22 ár.*